

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni hf. Gunnarsholt



<b>Dags eftirlits</b>	7.9.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Kristinsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	ORF Líftækni hf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gunnhildur Sif Oddsdóttir
<b>Heimili</b>	Víkurhvarfi 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	420201-3540	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Már Björnsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Orf Líftækni hf. til sleppingar á erfðabreyttum byggplöntum í rannsókn- eða þróunarskyni, eða í öðrum tilgangi en til markaðssetningar, í Gunnarsholti á Rangárvöllum.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

Eftirlitið fólst í skoðunarferð að ræktunarreit rekstraraðila í Gunnarsholti þar sem gerð var úttekt á reitnum. Við eftirlit var uppskera ekki hafin en stefnt að í lok september. Yrki í ræktun innan reitsins eru í samræmi við leyfið. Ræktun reiturinn er vel afmarkaður, afgirtur með rafmagns girðingu, belti af höfrum umhverfis reitinn og bönd strekkt yfir reitinn til að koma í veg fyrir að fuglar komist í plönturnar. Merkingar eru um að óviðkomandi sé bannaður aðgangur. Hlið við aðkomu að ræktunarsvæðinu er læst. Rekstraraðili fór yfir verkferla varðandi uppskeru, þurrkun og förgun byggsins og eru þær í samræmi við kröfur leyfisins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.09.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir